

## OECD hvetur Íslendinga til að opna dyrnar fyrir hamfarakapítalístunum

Mán, 11/04/2011 - 20:23 | [Ritstjórn](#)



**Lengi lifi samkeppnin** Nýfrjálshyggjustofnunin Efnahags- og framfarastofnun Evrópu var að senda aðildarríkjum sínum [leibeiningar](#) um hvað beri að gera til að ná fram auknum hagvexti 2011. Umbæturnar sem Ísland þarf að ráðast í að mati spekinga stofnunarinnar eru mjög í anda hruninnar hugmyndafræði nýfrjálshyggjunnar: auka afkastagetu skólakerfisins; draga úr styrkjum til landbúnaðarins og tollverndinni; og síðast, en ekki síst, auðvelda aðgengi erlendra, en líka innlendra, fjárfesta að orkuiðnaðinum og sjávarútveginum. Allt í nafni trúarjátningarinnar um frjálsa markaðinn og samkeppnina. (Sjá viðhengi)

Viðhengi	Size
<a href="#">OECD. Country notes. Iceland.pdf</a>	105.7 KB

- [Auðlindir](#)
- [Nýfrjálshyggjan](#)
- [OECD](#)

**Source URL:**

<http://www.attac.is/greinar/oecd-hvetur-%C3%ADslendinga-til-a%C3%B0-opna-dyrnar-fyrir-hamfarakap%C3%ADtalistunum>